



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skýrsla velferðarmálanefndar SASS 2010

Ágúst 2010

Skipan og störf nefndarinnar

Á síðasta aðalfundi SASS voru eftirtalin kosin í velferðarmálanefnd SASS: Unnur Þormóðsdóttir Hveragerðisbæ, Bjarni Daníelsson Skaftárhreppi, Margrét Rós Ingólfssdóttir Vestmannaeyjabæ, Elín Magnúsdóttir Sveitarfélaginu Hornafirði og Guðmundur Gylfason Sveitarfélaginu Árborg. Unnur Þormóðsdóttir var kosinn formaður á fyrsta fundi nefndarinnar. Þorvarður Hjaltason framkvæmdastjóri starfaði með nefndinni. Nefndin hélt alls 4 fundi auk annarra funda sem nefndarmenn sátu vegna undirbúnings tilfærslu málefna fatlaðra og málefna Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

Tilfærsla málefna fatlaðra.

Meginverkefni nefndarinnar var umfjöllun um væntanlega tilfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

Málþing um tilfærslu málefna fatlaðra var haldið 8. janúar sl. og var það liður í undirbúningi sunnlenskra sveitarstjórnarmanna að yfirtöku þessa mikilvæga verkefnis. Á þinginu gerðu forsvarsmenn Skrifstofu málefna fatlaðra á Suðurlandi grein fyrir starfseminni auk þess sem kynnt var fyrirkomulag þessara mála á Norðurlandi vestra þar sem byggðasamlag var myndað um starfsemina og á Eyjafjarðarsvæðinu þar sem Akureyrarbær sér um þjónustuna. Á þinginu var einnig greint frá störfum verkefnisstjórnar félagsmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um undirbúning tilfærslunnar.

Í framhaldi af málþinginu funduðu fulltrúar aðildarsveitarfélaganna um málið í lok janúar. Þar lögðu framkvæmdastjórar SASS og Skólaskrifstofu

Suðurlands fram hugmyndir um að Suðurland yrði eitt sameiginlegt velferðarþjónustusvæði þar sem samþætt yrði almenn félagsþjónusta, þjónusta við fatlaða og skólaþjónusta. Ekki náðist samstaða um þær hugmyndir. Skipaður var starfshópur fulltrúa allra aðildarsveitarfélaganna og Sigurður H. Helgason stjórnarsýsluráðgjafi, sem jafnframt er ráðgjafi sambandsins og ráðuneytisins um tilfærsluna, fenginn til ráðgjafar. Niðurstaðan úr þeirri vinnu var tillaga um myndun sameiginlegs þjónustusvæðis sem er n.k. millistig á milli byggðasamlags og reksturs leiðandi sveitarfélags. Tillagan hefur verið lögð fyrir aðildarsveitarfélögin og hafa 13 sveitarfélög af 15 samþykkt tillöguna. Sveitarfélagið Hornafjörður og Vestmannaeyjabær hafa ákveðið að nýta sér undanþáguheimild vegna landfræðilegrar sérstöðu og reynslu af rekstri málaflokksins og hyggjast sjá um málaflokkinn á eigin vegum. Stefnt er að undirritun samningsins á ársþingi SASS 13. og 14. september.

Samkvæmt meðfylgjandi drögum að samningi sem fyrir liggur munu 5 fulltrúar úr stjórn SASS skipa stjórn og annast almenna stjórnun samningsins og bera ábyrgð á framkvæmd hans gagnvart sveitarstjórnunum. Framkvæmd samningsins verður hins vegar í höndum félagsþjónustustofnana sveitarfélaganna. Dagleg stjórnun og samhæfing vegna samningsins verður í höndum þjónusturáðs sem gerir tillögur um stærri ákvarðanir og stefnumörkun til stjórnar þjónustusvæðisins. Félagþjónusta Árborgar mun annast rekstur sérhæfðra þjónustueininga fyrir allt þjónustusvæðið og mun annast sameiginleg verkefni þjónustusvæðisins s.s. sérhæfða ráðgjöf, stuðning við þjónusturáð vegna sameiginlegra verkefna á sviði stefnumótunar, eftirlits, gæðastjórnunar, árangursmats, upplýsingasöfnunar og skýrslugerðar og gera samninga við sjálfstæða þjónustuaðila.

Að allri þessari vinnu sem að ofan getur vann velferðarnefndin ásamt stjórn SASS og fulltrúm sveitarfélaganna með mikilvægri aðstoð og upplýsingagjöf frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Suðurlandi.

Tillögur velferðarnefndar til ársþings SASS 2010

Heilbrigðisþjónusta á Suðurlandi

Ársþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, varar við því að áframhaldandi niðurskurður í heilbrigðismálum muni að öllum líkindum koma niður á grunnþjónustu til almennings. Ársþingið leggur áherslu á að staðinn verði vörður um þjónustu héraðssjúkrahúsanna og hún frekar efld frá því sem nú er. Fyrir liggur að rekstur þessara sjúkrahúsa er hagkvæmur og gæti orðið enn hagkvæmari með fleiri verkefnum. Mikilvægt er að hafa í huga að sjúkrahúsþjónustan og heilsugæslan eru samofin og niðurskurður á öðrum þættinum hefur skaðleg áhrif á starfsemi hins. Ekki má heldur horfa fram hjá þeim samfélagskostnaði og óþægindum sem fylgja því að flytja verkefni frá þeim til Landspítalans eins og hugmyndir hafa verið uppi um. Heilbrigðisráðherra og alþingismenn eru hvattir til að standa vörð um heilbrigðisþjónustuna og um leið velferð og öryggi íbúa svæðisins.

Tilfærsla málefna fatlaðra

Ársþing SASS fagnar þeirri samstöðu sem náðst hefur um myndun sameiginlegs þjónustusvæðis fatlaðra á Suðurlandi og hvetur til þess að unnið verði kappsamlega að undirbúningi tilfærslunnar um næstu áramót þannig að hún gangi átakalaust fyrir sig og verði sveitarfélögunum til sóma og þjónustuþegum til heilla.

ART verkefni

Ársþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, hvetur stjórnvöld og sveitarfélög til að tryggja starfsemi ART meðferðarteymisins á næstu árum. Hlutverk ART teymisins á Suðurlandi er tvíþætt. Annars vegar er það þjónustuúrræði í grunn- og leikskólum og þar unnið í samvinnu við skólayfirvöld og foreldra og hins vegar er það meðferðarúrræði fyrir þau börn og fjölskyldur sem vísað er til teymisins í gegnum barnavernd. Árangur af þessu starfi undanfarin ár hefur verið einstaklega góður. Ársþingið leggur til að gerður verði samningur til 5 ára á milli sveitarfélaganna og ráðuneytanna þriggja; heilbrigðisráðuneytisins, félagsmálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins, um starfsemi meðferðarteymisins. Ársþing SASS hvetur sveitarfélög til að hlutast til um að þau sveitarfélög, utan Suðurlands, sem nýta ART verkefnið á Suðurlandi, greiði fyrir þjónustuna.

Ársþing SASS leggur einnig til að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga varðandi barnaverndarmál og meðferðarvinnu verði tekin til endurskoðunar. Grunnskólar og barnavernd eru á ábyrgð sveitarfélaganna og því telur fundurinn mikilvægt að taka til endurskoðunar verkaskiptasamning ríkis og sveitarfélaga og hlutverk Barnaverndarstofu í því samhengi.

Atvinnuleysi og aðrar afleiðingar kreppunnar

Efnahagskreppan hefur haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjölda fólks. Atvinnuleysi hefur stóraukist og hagur margra fjölskyldna er mjög erfiður. Nú eru um 700 manns atvinnulausir á Suðurlandi, flestir í neðanverðri Árnassýslu, eða 5,3% vinnuafls. Álag á félagsþjónustu sveitarfélaganna hefur því stóraukist. Ársþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, hvetur sveitarfélög og ríkið að standa vörð um hagsmuni almennings og einstaklinga í erfiðum aðstæðum og ekki síst barna og unglunga með öllum tiltækum ráðum.

Þjónustusamningur Sveitarfélagsins Hornafjarðar og ríkis um heilbrigðis og öldrunarmál

Ársþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, hvetur heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytið til þess að ganga til samninga við Sveitarfélagið Hornafjörð um endurnýjun á þjónustusamningum um heilbrigðis- og öldrunarmál í sveitarfélaginu. Samningar hafa verið lausir frá 1. janúar 2007. Sveitarfélagið hefur annast reksturinn frá 1996 og mikilvægt er að eyða óvissu um hann.

Í ágúst 2009

Unnur Þormóðsdóttir
Bjarni Daníelsson
Margrét Rós Ingólfssdóttir
Árni Rúnar Þorvaldsson
Guðmundur Gylfason

Sveitarstjórnir Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, Hveragerðisbæjar, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Sveitarfélagsins Árborgar, Sveitarfélagsins Ölfuss, Flóahrepps, Ásahrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra og Skaftárhrepps, gera með sér samning um:

Sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða

1. Forsendur

- 1.1. Þann 1. janúar 2011 taka sveitarfélög við þjónustu ríkisins við fatlaða, sbr. **lög nr. X/2010** um breytingu á lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.
- 1.2. Til að tilfærslan verði árangursrík þurfa sveitarfélögin að hafa faglegan og fjárhagslegan styrk á sviði félagsþjónustu.
- 1.3. Samkvæmt *Samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá x. xxx. 2010* og lögum um tilfærsluna skulu þjónustusvæði að lágmarki hafa átta þúsund íbúa.
- 1.4. Aðildarsveitarfélög þessa samnings eru staðráðin í að takast á við ný verkefni og áskoranir af metnaði og fagmennsku.
- 1.5. Í ljósi þessa hafa sveitarfélögin ákveðið að sameinast um þjónustu við fatlaða á grundvelli samstöðu og samábyrgðar.

2. Þjónustusvæði Suðurlands

- 2.1. Þrettán aðildarsveitarfélög Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) mynda sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða.
- 2.2. Félagþjónustusvæðin fimm á Suðurlandi mynda grunneiningar þjónustusvæðisins.
- 2.3. Þjónusta við fatlaða verður samþætt félagþjónustu sveitarfélaganna, þannig að fatlaðir njóti heildstæðrar nærþjónustu hjá félagþjónustu eigin sveitarfélags.
- 2.4. Þjónusta innan svæðisins er veitt á jafnræðisgrundvelli og byggja ákvarðanir um veitingu hennar á mati á þjónustupörf.
- 2.5. Óheimilt er félagþjónustusvæði að veita eigin íbúum forgang að sérhæfðri þjónustu, þ.e. búsetuþjónustu á sambýlum eða þjónustu- og íbúðakjörnum, dagþjónustu, skammtímavistun og sérhæfða ráðgjöf.

3. Stjórn þjónustusvæðisins

- 3.1. Fulltrúar aðildarsveitarfélaga samningsins í stjórn SASS mynda stjórn þjónustusvæðisins, annast almenna stjórnun hans og bera ábyrgð á framkvæmd hans gagnvart aðildarsveitarfélögunum.
- 3.2. Framkvæmd samningsins er í höndum félagsþjónusta sveitarfélaganna:
 - 3.2.1. Félagsþjónustu Sveitarfélagsins Ölfus.
 - 3.2.2. Félagsþjónustu Hveragerðisbæjar.
 - 3.2.3. Félagsþjónustu Sveitarfélagsins Árborgar.
 - 3.2.4. Félagsþjónustu uppsveita Árnassýslu og Flóa.
 - 3.2.5. Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu.
- 3.3. Dagleg stjórnun og samhæfing vegna samningsins er í höndum þjónusturáðs sem gerir tillögur um stærri ákvarðanir og stefnumörkun til stjórnar þjónustusvæðisins.
- 3.4. Verkefni þjónusturáðs eru:
 - 3.4.1. Umsjón með daglegri stjórnun þjónustusamningsins. Í þessu felst meðal annars: (a) umsjón og forgangsröðun innan ramma þjónustusamnings við Sveitarfélagið Árborg, (b) samráð vegna samninga við sjálfstæða þjónustuaðila og (c) stefnumótun í samvinnu við sveitarfélög, notendur og hagsmunaaðila.
 - 3.4.2. Samhæfing þjónustu innan þjónustusvæðis. Í þessu felst meðal annars: (a) samhæfing um hlutverk, verkaskiptingu og nýtingu þjónustueininga, (b) umfjöllun um málefni þjónustuþega, sérstaklega þeirra sem þurfa þjónustu út fyrir eigið félagsþjónustusvæði (c) umsjón og samhæfing þjónustumats og (d) samráð vegna biðlista á þjónustusvæðinu.
 - 3.4.3. Verkefni á sviði árangurstjórnunar og eftirlits. Í þessu felst meðal annars: (a) samhæfing árangursmats, (b) samhæfing gæðastjórnunar, (c) samhæfing innra eftirlits, (d) upplýsingaöflun og skýrslugerð, (e) eftirlit með framkvæmd samninga við sjálfstæða þjónustuaðila.
 - 3.4.4. Verkefni á sviði fjármála: Í þessu felst meðal annars: (a) áætlanagerð og eftirlit vegna rekstrarsjóðs þjónustusvæðis, (b) umsjón með gerð sameiginlegs ársreiknings þjónustusvæðisins, (c) tillögur um jöfnunarframlög og verklagsreglur í því sambandi, (d) tillögur um framlög vegna ófyrirséðra útgjalda og verklagsreglur í því sambandi.
- 3.5. Þjónusturáðið er skipað einum fulltrúa frá hverri félagsþjónustu og kýs ráðið sjálft formann.
- 3.6. Þjónusturáðið setur sér starfsreglur sem stjórn þjónustusvæðisins staðfestir.

- 3.7. Heimilt er að bjóða hagsmunaaðilum setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti, þó ekki þegar fjallað er um málefni einstaklinga.
- 3.8. Haft skal virkt samráð við fatlaða, aðstandendur og samtök þeirra við stefnumótun og framkvæmd þjónustu.

4. Markmið og stefnumótun

- 4.1. Markmið samningsins eru einkum að:
 - 4.1.1. Tryggja fötludum samþætta og heildstæða nærþjónustu.
 - 4.1.2. Laga þjónustu að þörfum og óskum fatlaðra með hliðsjón af ólíkum aðstæðum og stuðla þannig að auknu sjálfstæði þeirra.
 - 4.1.3. Efla félagsþjónustu á svæðinu.
 - 4.1.4. Þróa samstarf sveitarfélaga á svæðinu.
 - 4.1.5. Stuðla að hagræðingu í rekstri með samþættingu þjónustu- og rekstrarþátta.
- 4.2. Þjónustusvæðið mun móta sér formlega stefnu um þjónustu við fatlaða á svæðinu í samvinnu við sveitarfélögin, notendur og hagsmunaaðila.

5. Verkefni og rekstrareiningar

- 5.1. Félagsþjónustur annast almenna þjónustu við fatlaða, hver á sínu starfssvæði:
 - 5.1.1. Ráðgjöf og aðra stuðningsþjónustu við fatlaða og fjölskyldur þeirra.
 - 5.1.2. Rekstur sambýla, þjónustu- og íbúðakjarna (búsetuþjónustu).
 - 5.1.3. Þjónustu til stuðnings sjálfstæðri búsetu.
 - 5.1.4. Stuðningsfjölskyldur.
- 5.2. Félagsþjónusta Árborgar annast rekstur sérhæfðra þjónustueininga fyrir allt þjónustusvæðið:
 - 5.2.1. Félagsþjónusta Sveitarfélagsins Árborgar: Skammtímavistun og VISS, vinnu- og hæfingarstöð.
- 5.3. Félagsþjónusta Sveitarfélagsins Árborgar annast sameiginleg verkefni þjónustusvæðisins samkvæmt þjónustusamningi við það:
 - 5.3.1. Sérhæfða ráðgjöf, samkvæmt nánari skilgreiningu þjónustusamningsins.
 - 5.3.2. Stuðning við þjónusturáð vegna sameiginlegra verkefna á sviði stefnumótunar, eftirlits, gæðastjórnunar, árangursmats, upplýsingasöfnunar og skýrslugerðar.
 - 5.3.3. Samninga við sjálfstæða þjónustuaðila.

- 5.3.4. Þjónustu við stjórn þjónustusvæðisins og þjónusturáð, ásamt umsýslu rekstrarsjóðs þjónustusvæðisins.
- 5.4. Félagsþjónustusvæði geta gert samninga sín á milli eða við aðra aðila um frekari samvinnu eða samrekstur en samningur þessi kveður á um.
- 5.5. Félagsþjónustur munu bjóða starfsmönnum þeirra rekstrareininga sem þær taka við störf og hafa einnig samstarf innan þjónustusvæðisins um að bjóða starfsmönnum Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Suðurlandi störf.
- 6. Fjármögnun**
- 6.1. Aðilar þjónustusvæðisins bera sameiginlega ábyrgð á fjármögnun þjónustu innan svæðisins eins og nánar er kveðið á um í samningum.
- 6.2. **0,13%** af útsvarsstofni sveitarfélaga renna til viðkomandi félagsþjónustusvæðis.
- 6.3. Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem byggja á mati á þjónustuþörf tiltekinna einstaklinga renna, að frádregnum **5%**, til þeirra félagsþjónustusvæða sem veita viðkomandi einstaklingum þjónustu.
- 6.4. Tekjur af rekstri einstakra þjónustueininga renna til rekstraraðila.
- 6.5. Til rekstrarsjóðs þjónustusvæðisins renna eftirfarandi tekjur:
- 6.5.1. Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna einstaklinga sem njóta þjónustu sjálfseignarstofnana og annarra sjálfstæðra þjónustuaðila.
- 6.5.2. **5%** af öðrum framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til þjónustusvæðisins.
- 6.5.3. **0,13%** af útsvarsstofni aðildarsveitarfélaga þjónustusvæðisins.
- 6.6. Byggi framlög Jöfnunarsjóðs tímabundið og að hluta til á framreiknuðum rekstrarkostnaði árisins 2010, mun skipting þeirra framlaga byggja á framreiknuðum rekstrarkostnaði árisins 2010 innan einstakra félagsþjónustusvæða.

7. Útgjöld

- 7.1. Félagsþjónustusvæði bera sjálf kostnað vegna almennrar þjónustu við fatlaða, sbr. gr. 5.1.
- 7.2. Félagsþjónustusvæði bera kostnað vegna reksturs sérhæfðra þjónustueininga í hlutfalli við notkun og skal nánar kveðið á um þjónustu og greiðslur í samningum einstakra félagsþjónustusvæða við rekstraraðila.
- 7.3. Fasteignir sem nýttar eru vegna þjónustu við fatlaða sem og tekjur og útgjöld vegna þeirra eru á forræði einstakra félagsþjónustusvæða.
- 7.4. Rekstrarsjóður þjónustusvæðisins ber kostnað vegna eftirfarandi þátta:

- 7.4.1. Greiðsla til sjálfstæðra þjónustuaðila á grundvelli þjónustusamninga.
- 7.4.2. Framlaga vegna jöfnunar og ófyrirséðs kostnaðar.
- 7.4.3. Árlegrar greiðslu að upphæð **x. m.kr.** til Sveitarfélagsins Árborgar vegna sameiginlegra verkefna, sbr. gr. 5.3.

8. Jöfnun og ófyrirséður kostnaður

- 8.1. Árlega skal verja ákveðnum hluta rekstrarsjóðs þjónustusvæðisins til jöfnunar milli félagsþjónustusvæða.
- 8.2. Jöfnunin skal fyrst og fremst byggja á fjölda og þjónustupörf fatlaðra einstaklinga sem ekki falla undir jöfnunarframlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, að teknu tilliti til íbúafjölda félagsþjónustusvæða.
- 8.3. Árlega skal verja ákveðnum hluta rekstrarsjóðs þjónustusvæðisins til að mæta ófyrirséðum kostnaði einstakra félagsþjónustusvæða sem leitt getur af skyndilegum þjónustupörfum notenda.
- 8.4. Framlög skulu fyrst og fremst mæta skyndilegum og ófyrirséðum kostnaði vegna einstaklinga sem fyrirsjáanlegt er að muni verða grundvöllur jöfnunarframlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
- 8.5. Stjórn þjónustusvæðisins setur verklagslegur vegna jöfnunar og ófyrirséðs kostnaðar og tekur ákvarðanir um árleg framlög.

9. Samningar við sjálfstæða þjónustuaðila

- 9.1. Stjórn þjónustusvæðisins er heimilt að fela sjálfstæðum aðilum, s.s. sjálfseignarstofnunum og einkaaðilum, að veita þjónustu fyrir hönd þjónustusvæðisins.
- 9.2. Samningar við sjálfstæða aðila skulu m.a. innihalda ákvæði um magn og gæði þjónustu, gæðatryggingu, réttindi notenda, fjármál, endurskoðun, skýrslugjöf, eftirlit og mat á árangri.
- 9.3. Sveitarfélagið Árborg er samningsaðili þjónustusvæðisins í samráði við stjórn þjónustusvæðisins og þjónusturáð þjónustusvæðisins.
- 9.4. Samningur skal staðfestur af stjórn þjónustusvæðisins fyrir undirritun.
- 9.5. Heimilt er að einstök sveitarfélög eða félagsþjónustusvæði verði aðilar að samningi, óski þau að fella verkefni sem þau bera ábyrgð á inn í hann.

10. Eftirlit, mat á árangri og skýrslugerð

- 10.1. Komið skal á innra eftirliti með þjónustu sem skal að lágmarki uppfylla opinberar kröfur sem gerðar eru til slíks eftirlits.
- 10.2. Árangur þjónustunnar skal metinn reglulega og skal matið meðal annars byggja á viðhorfum notenda þjónustunnar og aðstandenda þeirra.

- 10.3. Gefa skal út sameinginlegan ársreikning þjónustusvæðisins sem inniheldur ársreikning rekstrarsjóðs og lykiltölur úr rekstri einstakra félagsþjónustusvæða.
- 10.4. Gefa skal út ársskýrslu um starfsemi þjónustusvæðisins, þar sem m.a. skal gerð grein fyrir tölulegum upplýsingum sem lýsa eðli, umfangi og kostnaði þjónustunnar.
- 10.5. Á ársþingi SASS skal gerð grein fyrir ársreikningi og ársskýrslu ásamt fjárhagsáætlun næsta árs.

11. Meðferð ágreinings

- 11.1. Rísi ágreiningur um túlkun og framkvæmd á samningi þessum, sem ekki tekst að leysa innan stjórnar þjónustusvæðisins, skal skipa sáttanefnd til að fjalla um ágreininginn og leita lausna á honum.
- 11.2. Í sáttanefnd skulu sitja þrjú einstaklingar og skal einn tilnefndur af stjórn þjónustusvæðisins einn af félags- og tryggingamálaráðuneyti og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og skal hann vera formaður.
- 11.3. Sáttanefnd leggur fram tillögu til stjórnar þjónustusvæðisins um lausn ágreiningsins.
- 11.4. Samþykki stjórn þjónustusvæðisins ekki sáttatillögu skal sáttanefndin skera úr um ágreininginn.

12. Gildistími og endurskoðun

- 12.1. Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2011 og gildir til 31. desember 2014.
- 12.2. Breytist forsendur samningsins geta samningsaðilar farið fram á endurskoðun hans. Breyttar forsendur teljast m.a.:
 - 12.2.1. Verulegar breytingar á ákvæðum laga um málefni fatlaðra um umfang og gæði þjónustu við fatlaða.
 - 12.2.2. Sameining sveitarfélaga eða breytingar á mörkum félagsþjónustusvæða.
 - 12.2.3. Áætlanir um breytingar á mörkum þjónustusvæðisins.
 - 12.2.4. Umtalsverð röskun á högum aðildarsveitarfélags sem gerir því ókleyft að efna ákvæði samningsins.
- 12.3. Samningsaðilar skulu ákveða sameiginlega fyrir 1. september 2014 hvort stefna skuli að endurnýjun samningsins.